

T I L L A G A

til þingsályktunar um að lýsa beri viðbragðsástandi í loftslagsmálum
(Lagt fyrir 59. kirkjuþing 2019)

Flutt Axel Árnasyni Njarðvík og Svönu Helen Björnsdóttur
Frsm.: Axel Árnason Njarðvík

Kirkjuþing ályktar að stjórnvöldum beri að lýsa viðbragðsástandi vegna stöðunnar í loftslagsmálum á heimsvísu til að flýta fyrir innleiðingu þeirra róttæku aðgerða sem þörf er á til að stemma stigu við hlýnun andrúmslofts jarðar. Einnig er ríkisstjórn Íslands hvött til að aðgerðir í loftslagsmálum verði magnbundnar og tímasettar.

Greinargerð.

Hér er tekið undir með ályktun prestastefnu 2019, svo og ýmsum samtökum og stjórnvöldum (s.s. Landvernd, breska þinginu o.fl.) þar sem stjórnvöld eru hvött til að lýsa yfir neyðarástandi. Á hinn bóginn er það talið farsælla hér að tala um viðbragðsástand en ekki neyðarástand. Viðbragðsástand hvetur stjórnvöld, samtök og einstaklinga til raunhæfra aðgerða í loftslagsmálum og að halda vöku sinni frammi fyrir aðsteðjandi vá. Á hinn bóginn hafa sérfræðingar í loftslagsmálum varað við of sterkri orðnotkun, sbr. orðið „neyðarástand“, en það getur fætt af sér lamandi kvíða og hræðslu frekar en að hvetja til aðgerða byggða á skynsamlegri von auk heldur sem slík orðnotkun kann að réttlæta a.m.k. í sumum löndum að gripið verði til aðgerða sem samrýmast ekki lýðræði og réttarríki.

Kostnaður.

Enginn beinn kostnaður er samfara þessari yfirlýsingu annar en siðferðileg skuldbinding til raunhæfra en róttækra aðgerða og málsvörn fyrir umhverfi og náttúru.